



## Fræðslu-, íþróttá- og tómskundanevnd FUNDUR - 23. maí 2005

Fundur haldinn í fræðslu-, íþróttá- og tómskundanevnd mánudaginn 23. maí 2005 kl. 18:10 í leikskólanum. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Bréf frá stjórnendum Barnabæjar.
2. Kynntar niðurstöður foreldrakönnunar.
3. Vinabæjarsamskipti.
4. Önnur mál.

Formaður, Margrét Einarasdóttir setti fund og tók fyrir fyrsta mál á dagskrá.

### Afgreiðslur:

1. Leikskólastjóri, Jóhanna G. Jónasdóttir kynnti að unnið er að þróunarverkefni í samstarfi við Guðjón Ólafsson sem miðar að því að gera góðan skóla betri. Nokkrar umræður urðu um lengd vistunartíma. Nefndinni verður skilað greinargerð að vinnu þessari lokinni.
2. Leikskólastjóri kynnti niðurstöður foreldrakönnunar sem gerð var í mars og apríl. Svona könnun er gerð á hverju ári og sýnir hún að almennt viðhorf foreldra til leikskóla er mjög gott.
3. Starfsmannamál. Leikskólastjóri kynnti að Guðrún Björk Elísdóttir er að fara í fæðingarorlof frá og með 1. júní og verður hún í leyfi í eitt ár. Þá viku af fundi, Jóhanna G. Jónasdóttir, leikskólastjóri, Halla Bernósdóttir, fulltrúi starfsfólks, og Greta Björg Lárusdóttir, fulltrúi foreldra.
4. Vinabæjarsamskipti. Formaður kynnti að auglýst var eftir umsóknum ungs fólks til þátttöku í vinabæjarheimsókn til Moss dagana 27. júní – 3. júlí. Tvær umsóknir bárust og eru þær frá Elvu Björk Harðardóttir og Gretu Björgu Lárusdóttir. Ákveðið var að þær verði fulltrúar Blönduóss undir fararstjórn Huguóunar Sifjar Hallgrímsdóttir.
5. Önnur mál. Ekkert kom fram undir þessum lið.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19,50

Árný Árnadóttir  
Margrét Einarasdóttir

Jakobína Halldórsdóttir  
Eva Hrunð Pétursdóttir